

**Ed.**

### **184. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandföks.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri láta merkja það búfé og tilkynna síðan hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamenn hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann í hans stað til þess að framfylgja lögnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.